

MÁNUDAGUR 28/9 kl. 16<sup>15</sup> 2020  
 MÆTTAR: MARGRÉT, SUNNA, KAREN, HUGRÚN  
 RITARI: SANDRA

Kæru foreldrar.

Í ljósi aðstæðna var ákveðið að vera ekkert að bauka við að halda aðalfund Álfavina, foreldraráðs Álfasteins í raunheimum í bili. Hér á meðfylgjandi ljósmyndum eru annarsvegar skýrsla stjórnar um skólaárið 19/20 og hinsvegar rekstrarreikningur sama árs.

Mánaðarlegu gjaldi foreldraráðsins er bætt við leikskólagjöldin. Þessir peningar eru notaðir til ýmissa hluta eins og í leiksýningar, rútuferðir, hoppukastala og jólagjafir. Upphæðin er hefur verið 520 krónur en við höfum tekið ákvörðun um að lækka hana í 300 krónur.

Við í stjórninni erum allar tilbúnar að sitja áfram. Ef ykkur langar að vera í stjórn, endilega hnippið í okkur.

Opið er fyrir spurningar og athugasemdir í kommentum fyrir neðan.

Fundur 8.apríl 2021 kl.17

Á fundinum voru: Hugrún, Karen, Margrét, Sunna og Sandra

Hugrún sýndi okkur breytingar sem hafa orðið á Álfasteini síðustu misseri. Nýja deildin og fjölnota íþróttasalurinn líta mjög vel út og á salurinn eftir að nýtast í ýmislegt skemmtilegt. Einnig voru skoðaðar teikningar af fyrirhuguðum framkvæmdum í garðinum. Það þarf að setja nýja girðingu á stórum hluta og einnig utan um nýja helminginn. Garðurinn verður stækkaður og bætt við rólum og mönin/hólinn verður gerður aflíðandi.

- Talað var um að sleppa íþróttiferðum í Þelamörk, þar sem komin er íþróttasalur á Álfastein með öllu ef ekki betri aðstöðu en á Þelamörk. Spara rútuferðir.
- Sveitaferð, áhugi er að hafa slíka ferð. Hugrún ætlar að heyra í þeim á Gásum. Rætt var um hvaða árgangar færu. Þar sem miðað er við 3 ára aldur í rútu, en foreldrar gætu komið með yngri börn á staðinn.
  - o Einnig rætt hvort ætti að færa sveitaferðina yfir á laugardag og foreldrar færu með börnin.
- Kíarnaskógur/Fjörufurð, það er ákveðið að fara í slíka ferð. Kemur í ljós hvenær.
- Danskennsla/leikrit næsta haust/vetur, fá einhverja til að koma aðstoða við að koma

••••• leikrænni tjáningu.  
 smá leikrit